

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Kirkjuhvamm á Rauðasandi í Vesturbyggð.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 samþykkti bæjarstjórn Vesturbyggðar, á fundi sínum 23. mars 2011, deiliskipulag fyrir Kirkjuhvamm á Rauðasandi í Vesturbyggð.

Deiliskipulagið er vegna áforma um að reisa nýtt hús á jörðinni, en svæðið fellur undir hverfisvernd í aðalskipulagi og er því deiliskipulagsskylt skv. 4. mgr. gr. 4.22.2 í skipulagsreglugerð. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 25. júlí 2011.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2011